



Reglur fyrir skólamáltíðir við Flóaskóla

1. gr. Almennt

Allir nemendur sem stunda nám við Flóaskóla fá hádegisverð þá daga sem kennsla fer fram. Allur matur skal vera í samræmi við opinber manneldismarkmið. Einnig stendur nemendum til boða morgunhressing alla daga.

Starfsmenn skólans geta einnig keypt sér mat á sama verði og nemendur.

2. gr. Verð

Gjaldskrá tilgreinir mánaðargjald fyrir skólamáltíðir og miðast við 20 daga að meðaltali í hverjum mánuði. Morgunhressing og hádegismatur eru innifalin í gjaldi fyrir skólamáltíðir.

3. gr. Innheimta

Uppgjör fer fram mánaðarlega, eftir á, og er greiðsluseðill birtur í heimabanka foreldra/forráðamanna og starfsmanna.

4. gr. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Flóahrepps og skal endurskoða þær árlega.

Flóahreppi 01. desember 2022

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri